

## GJALDSKRÁ

### fyrir Hirðu, móttöku- og flokkunarstöð úrgangs í Húnaþingi vestra.

#### 1. gr.

Innheimt verður fyrir móttöku úrgangs sem hér segir:

Almenningur greiðir einungis fyrir úrgang sem ekki getur talist falla til við daglegan heimilisrekstur. Það á t.d. við um: Úrgang frá byggingu eða breytingu íbúðarhúsnæðis og lóða, s.s. timbur, grófur og blandaður úrgangur.

Atvinnurekstur skal ávallt greiða fyrir móttöku alls úrgangs að undanskildum þeim úrgangsflokkum sem bera úrvinnslu- eða skilagjald.

Stærð farms:	0,25 (1/4) m <sup>3</sup>	0,50 (1/2) m <sup>3</sup>	0,75 (3/4) m <sup>3</sup>	1 m <sup>3</sup>
Gjald:	1.285 kr.	2.550 kr.	3.825 kr.	5.100 kr.

Tekið er við spilliefnum án endurgjalds.

Starfsmaður Hirðu metur magn úrgangs og skrifar nótu á staðnum, þar sem hann og komuaðili kvitta báðir fyrir magn og gerð úrgangs.

#### 2. gr.

##### *Úrgangur án gjalds flokkaður án aðskotahluta.*

Fyrirtæki og almenningur getur skilað öllu endurvinnsluefni til Hirðu gjaldfrítt.

Eigi almenningur ekki kost á að koma á opnunartíma er hægt að skila eftirtöldum úrgangi í lúgur á girðingu Hirðu:

- Pappír og pappi*; s.s. dagblöð, tímarit, auglýsingabæklingar, skrifstofupappír, umslög, fernur, morgunkornspakkar, kartonpappír, hólkar innan úr salernispappír, eggjabakkar úr pappa o.fl.
- Bylgjupappi*; pappakassar, pizzakassar o.fl.
- Plast*; sjampóbrúsar, tómatsósubrúsar, skyrdósir, plastbakkar undan matvælum, plastfilma, plastpokar ýmis konar, t.d. utan af brauði, o.fl.
- Málmar*; niðursuðudósir, álpappír, álbox af sprittkertum o.fl.
- Gler og keramik*; smærri hlutir, s.s. blómapottar, ýmis gler o.fl.
- Smá raftæki og rafeindatæki*; s.s. brauðristar, hárbłasárar, útvörp, símar o.fl.

Úrgangur skal vera án aðskotahluta og skola og hreinsa þarf burt allar efnaleifar áður en skilað er í lúgur. Áriðandi er að minnka ummál umbúða með því að brjóta saman fernur, öskjur og kassa.

#### 3. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 14. nóvember 2019 samkvæmt ákvæðum samþykktar um meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu Húnaþingi vestra nr. 633/2012 og skv. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

#### 4. gr.

Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 2020. Jafnframt er felld brott gjaldskrá sama efnis nr. 1100/2018.

*Hvammstanga, 14. nóvember 2019.*

**Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir** sveitarstjóri.